

Mánudaginn 3. júlímán.

Nr. 11/1882

Rjettvísinn

gegn

Jóhanni Guðmundssyni

## Úrskurður:

Með því að engin skilríki eru fram komin undir rannsókn þessa máls fyrir því, að Markús sá Ívarsson, sem Jóhann Guðmundsson, bóndi á Höfða, er ákærður fyrir að hafa „haldið og hýst“ sumarið og haustið 1881, hafi verið strokinn „fangi“ eða að honum hafi verið veitt eptirför af hálfu hins opinbera fyrir glæpi, þá ber undirdómaranum áður en fullnaðardómur verði lagður á þetta mál, að útvega skýrslur um þessi atriði; sömuleiðis virðist nauðsynlegt að undirdómarinn leiti ýtarlegri skýrslu um, hvort hinn ákærði hafi lagt launung á dvöl nefnds Markúsar hjá honum, og hvort honum hafi verið kunnugt um hagi Markúsar.

## Því úrskurðast:

Undirdómaranum ber að útvega framangreindar skýrslur svo fljótt sem auðið er.

Mánudaginn 10. júlímán.

Nr. 14/1881

Rjettvísinn

gegn

Magnúsi Kristjanssyni

## Dómur:

Með dómi, sem kveðinn var upp fyrir aukarjetti Árnassýslu 13. júlí 1881, var Magnús Kristjánsson

á Útgörðum í Stokkseyrarhreppi innan nefndrar sýslu dæmdur fyrir innbrotspjófnað í 8 mánaða betrunarhússvinnu, og til að greiða allan kostnað af málinu.—Dómi þessum hefur að beiðni hins dómfellða verið skotið til yfirdómsins.

Með eigin játningu hins ákærða, Magnúsar Kristjánssonar, sem styðst við aðrar upplýsingar sem fram eru komnar í málinu, er það löglega sannað, að hann nokkuð eptir nýár 1881, kl. 11—12 um nótt, fór með þjófalykli í læsta skemmu á Kotleysu, og tók þar úr opinni kistu nokkuð af kaffi, að því upplýst er, 4 pund og 1 tóbaksbita, og úr læstri kistu þar—lykilinn að henni fann hann í skemmuni—buddu með 11 krónum í peningum. Hinum stolnu peningum skilaði hann aptur eigandanum, Sveini Sveinssyni á Kotleysu, en kaffið og tóbakið keypti hann af honum, hvorttveggja áður enn hann var grunaður um þjófnaðinn, eða nokkur gangskör gjörð að því að rannsaka málið. Skemman er laus við íveruhúsin á Kotleysu. Hinn ákærði er talinn að líta hjervillulega út, og er álitinn að vera miður vel uppræddur; mjög fátækur kvað hann vera.

Þetta brot hins ákærða, sem kominn er langt yfir lögaldur sakamanna, og ekki áður hefur sætt hegningu fyrir neitt afbrot, hefur undirdómarinn með rjettu heimfært undir 231. gr. 4. tölulið hinna almennu hegningarlaga; en með því hinn ákærði hefur af sjálfsdáðum afstýrt hinum skaðlegu afleiðingum af verknaði sínum, þá virðist hegning sú, sem hann hefur til unnið, samkvæmt greindum lagastað, samanbornum við 61. gr., sbr. 58. gr. sömu laga hæflega ákveðin 4×5 daga fangelsi við



vatn og brauð. Um málskostnað skal hjeraðsdómnum óraskað. Svo ber hinum ákærða og að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til hins skipaða sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Að því snertir rekstur málsins í hjeraði skal athugað, að hjeraðsdómarinn hefði átt að greina frá í prófinu 9. desbr. 1881, með hverju móti sú skýring í málinu var fengin, að skemman sem hinn ákærði fór í, hafi verið laus við bæjarhúsin, því ekki sjest að hann hafi sjálfur kynnt sjer húsaskipun á Kotleysu, og í annan stað, að hann hefði átt að leggja fram í rjetti hegningarvottorð hins ákærða úr Vestmannaeyjasýsla, eða þá að láta frumritið fylgja máls skjölunum.

Að öðru leyti hefur rekstur málsins í hjeraði verið vítalaus; því þótt að vísu lengi hafi staðið á rekstri þess, þá virðist dómarinn þó eptir atvikum að hafa rjettlætt það.

Sókn og vörn málsins fyrir yfirdóminum hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði, Magnús Kristjánsson, á að sæta fangelsi við vatn og brauð í 4 × 5 daga. Um málskostnað í hjeraði skal undirdómnum óraskað. Svo greiði hinn ákærði og allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til hins skipaða sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutnings-

mannanna Þorsteins Jónssonar og Páls Melsteðs, 20 krónur til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mr. 10/1882

J. Ó. V. Jónsson  
 gegn  
 Egli Hallgrímssyni.

### Dómur:

Mál þetta er höfðað í hjerði af Jóni prentara Jónssyni fyrir hönd Jóns verzlunarstjóra Jónssonar í Reykjavík gegn Egli bónda Hallgrímssyni í Austurkoti í Vogum til lúkningar á kaupstaðarskuld að upphæð 926 kr. 43 a., er Egill á að hafa skuldað hinni svo nefndu Liverpoolsverzlun, eða verzlun S. Jacobsens & Co. hjer í bænnum; en Jón Jónsson verzlunarstjóri tjáir sig vera eiganda að öllum skulda-kröfum nefndrar verzlunar. Með dómi, kveðnum upp í máli þessu fyrir aukarjetti Kjósar og Gullbringusýslu 15. marzmán. þ. á., er Egill Hallgrímsson dæmdur sýkn af kærnum og kröfum sækjandans í málinu, og málskostnaður látinn falla niður, en þeim dómi hefur Jón verzlunarstjóri Jónsson skotið til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 2. maí þ. á. og krafizt, að sjer verði dæmt hjá hinum stefnda Egli Hallgrímssyni hin umþrætta skuld 926 kr. 43 a. með 4<sup>o</sup>/<sub>o</sub> vöxtum frá sáttakærudegi til þess að allri skuldinni er lokið, og málskostnaður fyrir báðum rjettum með 100 kr. eða einhverju nægilegu eptir rjettarins mati. Hins vegar hefur hinn stefndi krafizt, að hjeraðsdómurinn verði staðfestur, en geti það